

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 9. febrúar 2006****um breytingu á ákvörðun 96/335/EB um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara****(Texti sem varðar EES)****(2006/257/EB)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 5. gr. a og 2. mgr. 7. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Uppfæra þarf skrána og sameiginlega nafnakerfið fyrir innihaldsefni snyrtivara, sem fram koma í viðauka við ákvörðun 96/335/EB ⁽²⁾, í samræmi við upplýsingar frá viðkomandi atvinnugrein.
- 2) Uppfæra skal 1. þátt í viðaukanum við ákvörðun 96/335/EB til að tryggja vísindalega nákvæmni og gildi nokkurra fyrirbyggjandi færslna og nýrra færslna og til að bæta grasafræðilegar færslur og skilgreiningar og hlutverkaflokka.
- 3) Það hefur reynst nauðsynlegt að endurskoða reglur nafnakerfisins, sem settar eru fram í viðauka við ákvörðun 96/335/EB, í þeim tilgangi að gera þær skýrari og laga þær að breytingum á alþjóðlega nafnakerfinu fyrir innihaldsefni snyrtivara (INCI).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/80/EB (Stjtið. ESB L 303, 22.11.2005, bls. 32).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 132, 1.6.1996, bls. 1.

- 4) Aðlaga skal skrá yfir skammstafanir, sem sett er fram í viðauka við ákvörðun 96/335/EB, svo tekið sé tillit til upptöku nýrra innihaldsefna í skrána.
- 5) Breyta skal ákvörðun 96/335/EB til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Stök grein

Viðaukanum við ákvörðun 96/335/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 96/335/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. þáttar komi eftirfarandi:

„I. ÞÁTTUR

SKRÁ YFIR INNIHALDSEFNI SNYRTIVARA, ÖNNUR EN HRÁEFNI SEM GEFA ILM OG BRAGÐ*Inngangur*

Þessi skrá er fyrst og fremst tekin saman á grundvelli upplýsinga frá snyrtivöruviðnaðinum í Evrópu sem Evrópusamtök ilmvatns- og snyrtivöruframleiðenda (COLIPA) er fulltrúi fyrir.

Skráin tekur til allra atriða sem nefnd eru í 5. gr. a í snyrtivörutilskipuninni og varða auðkenni og venjuleg(t) hlutverk innihaldsefna í snyrtivörum auk takmarkana á notkun þeirra. Innihaldsefnin eru talin upp í stafrófsröð eftir INCI-heitum en þau gilda í heild sem sameiginlegt nafnakerfi til nota við merkingar í öllu Evrópusambandinu.

Um er að ræða eftirtalda liði:

1. INCI-heiti

INCI-heitin vísa til sameiginlegs nafnakerfis til nota við merkingar innihaldsefna á umbúðum snyrtivara. Reglur um uppbyggingu nafnakerfisins fylgja með.

Skammstöfunin „INCI“ stendur fyrir „International nomenclature for cosmetic ingredients“ eða alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara. Hún vísar til nýs hugtakaforða sem Evrópusamtök ilmvatns- og snyrtivöruframleiðenda hafa mótað til að koma til móts við þörfina á raunverulegu alþjóðasamstarfi. Vakin er athygli á því að í 5. gr. a í snyrtivörutilskipuninni er vísað til heita Samtaka snyrtivöru- og ilmefnaframleiðenda (CTFA-heita) en INCI-heitin hafa komið í stað þeirra sem rétt heiti í sameiginlega nafnakerfinu. INCI-heiti getur tekið til fleiri en eins einstaks efnis.

Eins og fram kemur í g-lið 1. mgr. 6. gr. í snyrtivörutilskipuninni skal við merkingar innihaldsefna nota númer úr litaskránni (CI) eða heiti úr IV. viðauka ef um er að ræða litgjafa í snyrtivörum. Litaskrárnúmerið verður því INCI-heiti þessara innihaldsefna.

2. INN-heiti

Þessi skammstöfun vísar til alþjóðlegs samheitis sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur samþykkt. Það er gefið upp þar sem við á.

3. Heiti í evrópsku lyfjaskránni (Ph. Eur.)

Þessi skammstöfun vísar til heitis í Evrópsku lyfjaskránni. Það er gefið upp þar sem við á.

4. CAS-númer

Þessi skammstöfun vísar til kenninúmers sem Upplýsingaþjónusta um íðefni (*Chemical Abstracts Service*) hefur gefið efnunum. CAS-númerið er alþjóðlegt kenninúmer sem gerir það kleift að bera kennsl á efni. Það er gefið upp þar sem við á.

5. EINECS-/ELINCS-númer

Þessi skammstöfun vísar til kenninúmers sem annaðhvort er að finna í Evrópuskrá yfir markaðssett íðefni (EINECS), ef um er að ræða efni sem fyrir eru á markaðinum, eða í Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS), ef um er að ræða ný íðefni. Kenninúmer er gefið upp þar sem við á.

6. Efnahæiti/IUPAC-hæiti

Þessi liður tekur til efnahæitis og IUPAC-hæitis (International Union of Pure and Applied Chemistry: Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði). Hann tekur einnig til EINECS-hæita, þar sem IUPAC-nafnakerfið er notað, eða CAS-hæita sem henta augljóslega til auðkenningar á innihaldsefninu. Hæitin hafa verið sameinuð til að komast hjá endurtekningu.

7. Takmörkun

Þessi liður vísar til innihaldsefna sem falla undir viðauka snyrtivöru-tilskipunarinnar, í styttri gerð (svo dæmi sé tekið merkir „III/1, 16“ 16. liður 1. hluta III. viðauka). Skráin nær yfir allar vísanir til viðaukanna til og með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB um aðlögun að tækni- og vörubrotum á viðaukum snyrtivöru-tilskipunarinnar. Bönnuð efni úr tilskipunum 2002/34/EB, 2004/93/EB, 2005/42/EB og 2005/80/EB hafa verið felld brott.

Reglubundin uppfærsla á þessum lið er mjög mikilvæg eftir því sem viðaukar tilskipunarinnar eru lagaðir að tækni- og vörubrotum.

8. Hlutverk

Þessi liður vísar til þess hlutverks eða þeirra hlutverka sem innihaldsefnið gegnir venjulega í snyrtivörunni. Innihaldsefni getur gegnt fleiri en einu hlutverki.

Hlutverkin, sem gefin eru upp, eru skilgreind sem hér segir:

SLÍPIEFNI (abrasive)

Fjarlægir efni af ýmsum stöðum líkamans eða hjálpar til við tannburstun eða eykur gljáa.

ÍSEYGT EFNI (absorbent)

Dregur til sín vatns- og/eða olíuleysanleg efni sem eru uppleyst eða mynda fingerða dreifu.

KEKKJAVARNAREFNI (anticaking)

Leyfir frjálst flæði agna og kemur þannig í veg fyrir myndun kekkja eða harðs massa í snyrtivörum í duftformi.

TÆRINGARVARNAREFNI (anticorrosive)

Kemur í veg fyrir að umbúðirnar tærist.

FLÖSUMEDFERÐAREFNI (antidandruff)

Dregur úr flösumyndun.

FROÐUEYÐANDI EFNI (antifoaming)

Kemur í veg fyrir froðumyndun í framleiðslu eða dregur úr tilhneigingu til froðumyndunar í fullnum vörum.

ÖRVERUEYÐANDI EFNI (antimicrobial)

Dregur úr vexti örvera á húðinni.

ÞRÁAVARNAREFNI (antioxidant)

Hindrar efnahvörf af völdum súrefnis og kemur þannig í veg fyrir oxun og þránun.

SVITAVARNAREFNI (antiperspirant)

Dregur úr svitamyndun.

TANNSÝKLUBÆLANDI EFNI (antiplaque)

Hemur myndun tannskýlu.

HÚÐFITUMEDFERÐAREFNI (antiseborrhoeic)

Dregur úr framleiðslu húðfeiti.

AFRAFMAGNANDI EFNI (antistatic)

Dregur úr stöðurafmagni með því að jafna út yfirborðshleðslu.

HERPIEFNI (astringent)

Herpir saman húðina.

BINDIEFNI (binding)

Tryggir samloðun í snyrtivörum.

AFLITUNAREFNI (bleaching)

Lýsir hár- eða húðlit.

JAFNI (buffering)

Heldur sýrustigi snyrtivara stöðugu.

UMFANGSAUKANDI EFNI (bulking)

Dregur úr rúmpýngd efnis í snyrtivörum.

KLÓBINDIEFNI (chelating)

Hvarfast við og myndar flóka með málmjónum sem gætu haft áhrif á jafnvægi og/eða útlit snyrtivara.

HREINSANDI EFNI (cleansing)

Hjálpar til við að halda yfirborði líkamans hreinu.

LITGJAFI Í SNYRTIVÖRUM (cosmetic colorant)

Lítar snyrtivörur og/eða gæðir húð, hár og/eða neglur lit. Allir litirnir, sem taldir eru upp, eru á jákvæðu skránni yfir litgjafa (IV. viðauki við snyrtivörutílskipunina).

EÐLISBREYTANDI EFNI (denaturant)

Gerir snyrtivörur bragðvondar. Aðallega sett í snyrtivörur með etýlalkóhóli til að gera vöruna bragðvonda.

LYKTEYÐANDI EFNI (deodorant)

Dregur úr eða felur óþægilega líkamslykt.

HÁREYÐANDI EFNI (delipatory)

Fjarlægir óæskileg líkamshár.

FLÓKAVÖRN (detangling)

Dregur úr eða kemur í veg fyrir flóka í hári, sem stafar af breytingum eða skemmdum á yfirborði hársins, og gerir það auðveldara að greiða hárið.

MÝKJANDI EFNI (emollient)

Mýkir og sléttir húð.

ÝRUEFNI (emulsifying)

Breytir yfirborðsspennu á fasaskilum og stuðlar þannig að einsleitri samsetningu vökva sem ekki er unnt að blanda saman.

ÝRUHJÁLPAREFNI (emulsion stabilising)

Örvar ýrumyndun og eykur stöðugleika og geymsluþol blöndunnar.

HIMNUMYNDANDI EFNI (film forming)

Myndar samfellda himnu á húð, hári eða nöglum þegar það er borið á.

FREYÐIEFNI (foaming)

Myndar margar smáar bólur með lofti eða annarri lofttegund í litlu rúmmáli vökva með því að breyta yfirborðsspennu vökvans.

FROÐUBÆTANDI EFNI (foam boosting)

Bætir gæði froðu, sem tiltekið kerfi myndar, með því að efla einn eða fleiri af eftirtöldum eiginleikum: rúmmál, kornastærð og/eða stöðugleika.

HLAUPMYNDANDI EFNI (gel forming)

Gefur fljótandi efnablöndum þéttleika hlaups (hálföst efnablanda með nokkurri fjöðrun).

HÁRNÆRANDI EFNI (hair conditioning)

Auðveldar greiðslu á hári og gerir það meðfærilegt, mjúkt og glansandi og/eða veitir því fyllingu, léttleika, gljáa o.s.frv.

HÁRLITUNAREFNI (hair dyeing)

Litar hár.

HÁRFESTINGAREFNI (hair fixing)

Heldur hárgreiðslunni í skefjum.

HÁRLIÐUNAR- EÐA AFLIÐUNAREFNI (hair waving or straightening)

Breytir efnafræðilegri byggingu hársins svo unnt sé að móta það að vild.

RAKAEFNI (humectant)

Viðheldur og varðveitir raka.

VATNSLEITID EFNI (hydrotrope)

Eykur leysni efnis sem er aðeins leysanlegt að litlu leyti í vatni.

HORNLAGSLEYSANDI EFNI (keratolytic)

Hjálpar til við að fjarlægja dauðar frumur úr hornlagi húðarinnar.

LYKT- EÐA BRAGÐEYÐANDI EFNI (masking)

Dregur úr eða bælir grunnlykt eða -bragð vörunnar.

RAKAGEFANDI EFNI (moisturising)

Eykur vatnsinnihald húðarinnar og stuðlar að því að halda henni mjúkri og sléttri.

NAGLANÆRANDI EFNI (nail conditioning)

Bætir fegurðareinkenni naglanna.

SKYGGIEFNI (opacifying)

Dregur úr gagnsæi eða hálf gagnsæi í snyrtivörum.

EFNI TIL MUNNHIRÐU (oral care)

Stuðlar að því að halda munnholinu fersku með hreinsandi, lyktheyðandi og verndandi eiginleikum.

OXANDI EFNI (oxidising)

Breytir efnafræðilegum eiginleikum annars efnis með því að bæta við súrefni eða fjarlægja vetni.

PERLUMÓÐUREFNI (pearlscent)

Gefur snyrtivörum perlumóðuráferð.

MÝKIEFNI (plasticiser)

Mýkir annað efni, sem annars er ekki auðvelt að aflaga, fletja út eða vinna úr, og gerir það þjált.

ROTVARNAREFNI (preservative)

Hindrar fyrst og fremst vöxt örvera í snyrtivörum. Öll rotvarnarefni, sem talin eru upp, eru efni í jákvæðu skránni yfir rotvarnarefni (V. viðauki við snyrtivörutíðisráðgjafi).

DRIFEFNI (propellant)

Myndar þrýsting í úðaflátum og knýr út innihald þeirra þegar lokinn er opnaður. Sum fljótandi drifefni geta gegnt hlutverki leysis.

AFOXUNAREFNI (reducing)

Breytir efniseiginleikum annars efnis með því að bæta við vetni eða fjarlægja súrefni.

ENDURFITANDI EFNI (refatting)

Endurnýjar fituefni (lípið) í hárinu eða í efsta lagi húðarinnar.

FRÍSKANDI EFNI (refreshing)

Gefur húðinni þægilegan ferskleika.

HÚÐNÆRANDI EFNI (skin conditioning)

Viðheldur góðu ásigkomulagi húðarinnar.

HÚÐVERNDANDI EFNI (skin protecting)

Dregur úr skaðlegum áhrifum utanaðkomandi þátta á húðina.

SLÉTTANDI EFNI (smoothing)

Stuðlar að sléttara yfirborði húðarinnar með því að draga úr hrjúfleika og ójöfnum.

LEYSIR (solvent)

Leysir upp önnur efni.

RÓANDI EFNI (soothing)

Dregur úr óþægindum í húð eða hársverði.

STÖÐGANDI EFNI (stabilising)

Bætir stöðugleika og geymsluþol innihaldsefna eða efnasamsetningar.

YFIRBORÐSVIRKT EFNI (surfactant)

Dregur úr yfirborðsspennu í snyrtivörum og stuðlar að jafnri dreifingu vörunnar við notkun.

BRÚNKUEFNI (tanning)

Dekkir húðina með eða án útfjólublárrar geislunar.

HRESSANDI EFNI (tonic)

Skapar vellíðan við notkun á húð og í hár.

ÚTBLÁMAGLEYPÍR (UV absorber)

Verndar snyrtivöruna gegn áhrifum útfjólublás ljóss.

ÚTBLÁMASÍA (UV filter)

Síar burt tiltekna útfjólubláa geisla í þeim tilgangi að verja húðina eða hárið gegn skaðlegum áhrifum þessara geisla. Allar útblámasíur, sem taldar eru upp, eru efni á jákvæðu skránni yfir útblámasíur (VII. viðauki við snyrtivöruútlagsáttina).

EFNI TIL AÐ STÝRA SEIGJU (viscosity controlling)

Eykur eða dregur úr seigju í snyrtivörum.

Texti ákvörðunarinnar á bls. 9-520 fylgir ekki hér með í íslenskri útgáfu EES-viðbættisins. Texti ákvörðunarinnar er hins vegar birtur í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* nr. L 97 frá 5. apríl 2006, bls. 1–528.

- 2) Í stað kaflanna „Reglur um uppbyggingu nafnakerfisins“ og „Skammstafanir“ komi eftirfarandi:

„REGLUR NAFNAKERFISINS

Reglurnar, sem eru notaðar við myndun INCI-heita, eru svohljóðandi:

1. Til að auðvelda notkun og til glöggvunar hafa INCI-heitin verið útfærð með það fyrir augum að takmarka notkun greinarmerkja og hástafa.
2. Alls staðar þar sem nýja nafnakerfið hefur verið tekið upp hefur allt kapp verið lagt á það að nota stysta heitið sem samræmist þessum reglum.
3. Einföld efnaheiti eru notuð þar sem því verður við komið.
4. Notaðar eru viðurkenndar, efnafræðilegar skammstafanir eftir atvikum. Upptalningu yfir þær skammstafanir, sem notaðar eru í skránni yfir innihaldsefni snyrtivara, er að finna undir liðnum „Skammstafanir“.
5. Hefðbundnum orðstofnum er haldið sem samtengingarliðum þegar þeir samræmast öðrum kerfum (sjá 17. reglu).
6. Skammstafanir eru notaðar til að einfalda nafnakerfið fyrir flokka flókinna innihaldsefna eftir atvikum (sjá upptalningu yfir skammstafanir undir liðnum „Skammstafanir“).
7. Efnasamböndum, sem eru skyld eða sambærileg efnum, sem lýst er í viðurkenndum heimildum, eru gefin heiti með hliðsjón af skráðum heitum eftir því sem unnt er.
8. Einsetnar afleiður hafa venjulega ekki forskeytið „mónó“. Þetta hugtak er notað eingöngu þegar þarf að forðast tvíræðni. Ef ekkert forskeyti er til staðar felur það í sér „mónó“, t.d. glýserýlsterat.
9. Hugtakið „glýseríð“ er notað til að lýsa mónóglýseríði. Blöndur mónó-, dí- og triglýseríða eru nefndar „glýseríð“. Triglýseríð eru nefnd eftir sérstöku nafnakerfi, t.d. tristerín.
10. Margföldu skiptihvarfi er venjulega lýst með viðeigandi forskeyti, s.s. „dí-“, „trí-“ eða „tetra-“, t.d. glýserýldisterat.
11. Heiti innihaldsefna, annarra en líta, sem hafa endatölur, eru venjulega tengd með bandstriki. Afleiður efna, sem tengd eru með bandstriki, halda upprunalega bandstrikinu, t.d. láret-3 (laureth-3), láret-3-fosfat
12. Vötnunarstig er að jafnaði ekki gefið upp.
13. Ógreinóttum alkýlhópum er lýst með almennu stofnheiti sínu (sjá 17. reglu).
14. Efnum, sem innihalda blöndur af kolefniskeðjubútum þar sem fjöldi kolefnisfrumeinda er jöfn tala, er gefið heiti með almennu stofnheiti fyrir viðkomandi fituefni, t.d. setearýlalkóhól (cetearylalcohol) (C₁₆ og C₁₈). Efni, sem innihalda blöndur af kolefniskeðjubútum þar sem fjöldi kolefnisfrumeinda er bæði jöfn og ójöfn tala, eru nefnd eftir öðru nafnakerfi, t.d. C₁₂₋₁₅-alkóhól (C₁₂, C₁₃, C₁₄ og C₁₅).
15. Greinóttir alkýlhópar fá venjulega forskeytið „ísó“ framan við almennt stofnheiti sambærilegs ógreinóttis hóps (t.d. ísóstearýlalkóhól, ísósetýlalkóhól) — sjá einnig 17. reglu. Helsta undantekningin frá þessari reglu er nafnakerfið fyrir 2-alkýl- eða Guerbet-alkóhólin. Þeim er gefið heiti eftir stöðluðum efnaftæðireglum (t.d. etýlhexanól, oktyldódekanól, dekyltetradekanól). Afleiðum er gefið heiti í samræmi við það (t.d. etýlhexýlmýrístat, setýletýlhexanóat, díetýlhexýlamín, trietýlhexanóín, bútýlókansýra).

16. Eftirfarandi tafla fylgir með til að skýra nafnakerfið fyrir afleiður kaprón-, kaprýl- og kaprínsýra.

Keðjulengd	Stofnheiti	Sýra	Ester	Asýl	Alkýl	Amfó
C6	Kapró (capro)	Kaprón (caproic)	Kapróat (caproate)	Kapróóýl (caprooyl)	Kapróýl (caproyl)	Kapróó (caproo)
C8	Kaprýl (capryl)	Kaprýl (caprylic)	Kaprýlat (caprylate)	Kaprýlóýl (capryloyl)	Kaprýlýl (caprylyl)	Kaprýló (caprylo)
C10	Kapr (capr)	Kaprín (capric)	Kaprat (caprate)	Kapróýl (caproyl)	Kaprýl (capryl)	Kapró (capro)

17. Eftirfarandi tafla lýsir nafnakerfinu sem gildir um ógreinóttar sýrur og alkóhól. Heitin í þessari töflu eru notuð fyrir greinóttar sýrur og alkóhól á eftir hugtakinu „ísó“ (t.d. ísósterínsýra) Guerbet-alkóhólum eru þó gefin sérstök heiti (t.d. oktyldódekanól). (Sjá einnig 15. reglu).

	Sýra	Alkóhól
<i>Mettuð:</i>		
C6	Kaprón (caproic)	Hexýl (hexyl)
C7	Heptan (heptanoic)	Heptýl (heptyl)
C8	Kaprýl (caprylic)	Kaprýlýl (caprylyl)
C9	Pelargón (pelargonic)	Nónýl (nonyl)
C10	Kaprín (capric)	Dekýl (decyl)
C11	Úndekan (undecanoic)	Úndekýl (undecyl)
C12	Lárín (lauric)	Lárýl (lauryl)
C13	Tridekan (tridecanoic)	Tridekýl (tridecyl)
C14	Mýrisín (myristic)	Mýristíl (myristil)
C15	Pentadekan (pentadecanoic)	Pentadekýl (pentadecyl)
C16	Palmitín (palmitic)	Setýl (cetyl)
C17	Margarín (margaric)	Heptadekýl (heptadecyl)
C18	Sterín (stearic)	Sterýl (stearyl)
C20	Arakín (arachidic)	Arakídýl (arachidyl)
C22	Behen (behenic)	Behenýl (behenyl)
<i>Ómettuð:</i>		
C11	Undekýlen (undecylenic)	Úndekýlenýl (undecylenyl)
C16	Palmítól (palmitoleic)	Palmítóeyl (palmitoeyl)
C18	Olíu (oleic)	Oleýl (oleyl)
C18	Línól (linoleic)	Línólyl (linoleyl)
C18	Línólen (linolenic)	Línólenýl (linolenyl)
C20	Arakídón (arachidonic)	Arakídónýl (arachidonyl)
C22	Setól (cetoleic)	Setólyl (cetoleyl)
C22	Erúka (eruceic)	Erúkyl (erucyl)

18. Nafnakerfið fyrir innihaldsefni, sem eru blöndur af sambærilegum efnum (t.d. fitusýrum, fitualkóhólum), er ákveðið eftir efnafræðilegu auðkenni hráefnisins eins og það er við innkaup. Blöndum, sem endurspeglu upphaflega samsetningu efnisþátta samkvæmt náttúrulegum uppruna þeirra (t.d. kókoshneta), er gefið heiti þar sem notaður er orðstofn upprunans (t.d. kókoshnetualkóhól). Ef hinni upprunalegu, náttúrulegu samsetningu hefur verið breytt verulega er henni gefið nafn á grundvelli ríkjandi efnisþátta.
19. Heiti lanólínafléiða innihalda venjulega orðstofninn „lan“, t.d. Lanet-60.

20. Þar eð þessar nafngiftir eru nú notaðar mjög víða er alkanólamiðum gefið heiti eftir móðuralkylamiðinu og viðeigandi skammstöfun þess amíns sem er notað, t.d. kókamið-MEA.
21. Hugtakinu dímetýl er sleppt og er undirskilið í öllum alkýldímetýlamiñoxið-heitum (t.d. steramiñoxiði). Þriggreindum amiñoxiðum með mismunandi sethópum er gefið fullt heiti (t.d. díhýdroxýetýlsteramiñoxið).
22. Fjörgreind ammóníumsölt hafa venjulega viðskeytið „-íum“ í orðstofni plúsónarinnar. Hugtakið „móníum“ lýsir mónómetyl-setnu, fjörgreindu köfnunarefni; „dímóníum“ lýsir dímetýl-setnu, fjörgreindu köfnunarefni; „trímóníum“ lýsir trímetyl-setnu, fjörgreindu köfnunarefni.
23. Hugtökin kvaterníum (quaternium)/pólýkvaterníum eru notuð til að lýsa flóknum, fjörgreindum ammóníumsóltum sem hafa ekki almennt heiti eða sem ekki er hægt að gefa heiti með hliðsjón af viðurkenndum heitum (t.d. „kvaterníum-82“, pólýkvaterníum-20).
24. Hugtakið „amfö“ hefur verið notað sem tengiheiti í nafnakerfinu fyrir tvíhögða (amfóterísk), yfirborðsvirk efni sem eru leidd af imídasólín-milliefnum. Þegar þessum efнасamböndum er gefið heiti er þessi orðstofn tengdur við orðstofn viðeigandi heitis fyrir sethópaflokkunina (t.d. natríumkókóamfóasetat).
25. Orðstofnar almennra hugtaka fyrir fituefni eru notaðir til að gefa til kynna alkýlhliða efнасambanda alkýlímídasólíns (t.d. lárylhýdroxýetýlímídasólíns), jafnvel þótt ein kolefnisfrumeind fitustoðeindarinnar verði hluti af heturhringnum (heterocyclic ring) meðan efnið er í framleiðslu.
26. Líffræðileg efni eru nefnd með sérstökum hugtökum (t.d. hýalúrónsýra, „hert menhadenolía“) þegar efnið hefur verið einangrað, hreinsað og því efnafræðilega lýst. Annað nafnakerfi er notað fyrir lífefnalyf þar sem efnunum er gefið heiti í samræmi við vinnslustig sín. Þau geta fengið INCI-heiti samkvæmt a) latneska heitinu á ættkvíslinni eða b) fyrst og fremst samkvæmt heitum úr lyfjaskrá, á undan notaða hlutanum, ef við á, og tegund efnablöndu ef við á (t.d. útdráttarefni, olía, duft o.s.frv.). Ef um er að ræða innihaldsefni sem rekja má til spendýra gildir yfirleitt að c) INCI-heitinu eru byggð á ensku heiti notaða hlutans, ef við á (t.d. connective tissue (bandvefur), spleen (milta), stomach (magi) o.s.frv.), og tegund efnablöndu, ef við á (t.d. útdráttarefni, olía). Dæmi um INCI-heiti lífefnalyfja eru a) Brevoortia-olía, b) Faex-útdráttarefni, c) bandvefsútdráttarefni.
27. Litgjafar í snyrtivörum hafa INCI-heiti í samræmi við nafnakerfið sem notað er í IV. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
28. Innihaldsefnum til hárlitunar er gefið heiti í samræmi við efnafræðilega byggingu sína. Ef efnaheitin eru mjög flókin er notuð samsetning litar og númers með bókstöfunum „HC“ skeyttum framan við.
29. Menguð alkóhól fá INCI-heitið „mengað alkóhól“. Mengað alkóhól er etýlalkóhól sem hefur verið mengað með einum eða fleiri mengandi efnum í samræmi við löggjöf hvers aðildarríkis Bandalagsins um sig.
30. Efni, sem unnin eru úr plöntum, kallast plöntuefni. Almennt hafa þessi innihaldsefni ekki gengið í gegnum efnafræðilegar breytingar og þeirra á meðal eru innihaldsefni unnin úr plöntum, t.d. útdráttarefni, safar, vatn, eimaðir vökvar, duft, olíur, ósápanleg efni o.s.frv. INCI-heiti þeirra byggjast á alþjóðlega nafnakerfinu fyrir ættkvíslir og tegundir, sem Linné þróaði, því næst kemur plöntuhlutinn, ef það er mikilvægt eða á við (t.d. lauf, ávöxtur, börkur o.s.frv.), og tegund efnablöndu (t.d. útdráttur, olía, duft o.s.frv.). Efnaafleiður plöntuefna fylgja reglum nafnakerfisins fyrir íðefni (t.d. kókóglýseríð, hert laxerolía, vötnuð pálmasýra, ólífusýra, pálmaalkóhól, sojamíð-DEA, súlfuð ólífuolía o.s.frv.)
Eftirfarandi tilvísanir eru notaðar til að ákvarða nöfn plöntuefna samkvæmt Linné: a) Aðaltilvísunin er *Penso, G., Index Plantarum Medicinalium Totius Mundi Eorumque Synonymorum*, O.E.M.F. Milanó (1983 — ISBN Nr. 88-7076-027-8). b) Þegar ættkvísl og tegund er ekki tilgreind í textanum sem vitnað er til í a-lið eru notaðar ýmsar aðrar heimildir, þar á meðal eftirtaldar, í forgangsröð: 1) Steinmetz, E.F., *Codex vegetabilis*, Amsterdam (1957), 2) Hoppe, H.A., *Drogenkunde*, 8. útgáfa, Walter de Gruyter, Berlin, 1. bindi (1957 — ISBN Nr. 3-11-00-8), 2. bindi (1977 — ISBN 3-11-006660-2), 3) Mabberley, D.J., *The Plant Book—A portable dictionary of higher plants*, Cambridge 1992 — ISBN Nr. 0-521-34060-8, 4) Hoppe H.A., Levring T., Tnaka Y., *Marine Algae in Pharmaceutical Science*, Walter de Gruyter, Berlin, New York, 1979.

31. Samsetningar heitis og númers eru einungis notaðar sem INCI-heiti fyrir innihaldsefni snyrtivara ef innihaldsefnið er það flókin og/eða áþekkt að ekki er hægt að gefa þeim heiti samkvæmt raunhæfu nafnakerfi með öðrum aðferðum. Þegar númer eru valin af handahófi koma þau jafnan á eftir heitum sem gefa til kynna byggingu eða samsetningu efnisins. Hver samsetning heitis og númers stendur fyrir sérstakt innihaldsefni í skránni yfir innihaldsefni snyrtivara. Notaðir hafa verið eftirfarandi flokkar af samsetningum heita og talna:
- a) Bensófenón Þetta hugtak er notað yfir allar bensófenónafleiður (t.d. bensófenón-2).
 - b) HC-litur
Sjá 28. reglu.
 - c) Kvaterníum/pólýkvaterníum
Sjá 23. reglu.
 - d) Vetnisflúorkolefni/Vetnisklórflúorkolefni
Þessi hugtök eru notuð yfir úðadrifefni úr vetnishalókolefnum (t.d. vetnisflúorkolefni 152a, vetnisklórflúorkolefni 142b).
 - e) Pólýsilíkon
Almenn heiti eða heiti samkvæmt viðteknum reglum fyrir silíkonefnasambönd (t.d. pólýsilíkon-1).
 - f) Pólýakrýlat
Sjá 49. reglu.
 - g) Pólýester
Sjá 49. reglu.
 - h) Pólýeter
Sjá 49. reglu.
 - i) Pólýúretan
Sjá 49. reglu.
32. Hráefni sem verslunarvara eru oft tiltekin blanda úr mörgum efnisþáttum. Blöndurnar koma ekki fyrir sem slíkar og skulu tilgreindar með því að telja upp einstaka efnisþætti (t.d. katón CG: vatn, klórmetýlísópíasólínón, metýlísópíasólínón, magnesíumklóríð, magnesíumnítrat).
33. INCI-heiti fyrir útdráttarefni standa fyrir „útdregna efnið“ og vísa ekki til leysa, sem eru notaðir við útdráttinn, og/eða annarra þynningarefna sem kunna að vera til staðar í þessum efnunum.
34. Leysar og/eða þynningarefni, sem eru fáanleg sem hráefni á markaði, s.s. yfirborðsvirk efni, fjöllíður og resín, eru almennt ekki tilgreind sem hluti af INCI-heitinu.
35. Pólýtýlenglýkól (pólýoxý-1,2-etandíýl) er skammstafað upphafsstafaorð, „PEG“.

Einsleitar fjölliður pólýetýlenglýkóls fá heitið PEG-X þar sem X er meðaleiningafjöldi etýlenoxíðeinliða, t.d. PEG-10.

Etoxýluðum alkóhólum er gefið heiti með því að skeyta „et“ (eth) aftan við orðstofn hefðbundins heitis alkóhólsins og þar á eftir meðaleiningafjölda etýlenoxíðeinliða, t.d. láret-10 (laureth-10).

Esterar einsleitra fjölliða pólýetýlenglýkóla fá heiti sem PEG- afleiður, t.d. PEG-10-sterat.

Öðrum etoxýluðum efnum er gefið heiti í samræmi við það, s.s. PEG-6-kókamið.

Þar eð heiti, sem eru byggð á meðalmólmassa etýlenoxíðfjölliðu, eru einnig almennt notuð er eftirfarandi tafla lögð fram til að auðvelda umbreytingu milli þessara tveggja kerfa:

Meðalmólmassi	Meðalfjöldi einliða eininga
100	2
200	4
300	6
400	8
450	9
500	10
600	12
1000	20
1540	32
1800	36
2000	40
3000	60
4000	75
6000	150
8000	180

36. Pólýprópýlenglýkól (pólýoxý-1,2-própandíyl) er skammstafað upphafsstafaorð, „PPG“.

Einsleitum fjölliðum pólýprópýlenglýkóls er gefið heitið PPG-X þar sem X er meðaleiningafjöldi própýlenoxíðeinliða, t.d. PPG-10.

Esterar og eterar einsleitra pólýprópýlenfjölliða fá heiti sem PPG-afleiður, t.d. PPG-10-sterat, PPG-10-láryleter.

Öðrum própoxýluðum efnum er gefið heiti í samræmi við það.

37. PEG- og PPG-fjölliður eða afleiður þeirra, þar sem einn endaalkóhólhópurinn (-CH₂OH) hefur oxast við karboxýlsýru (-COOH), eru nefnd með því að bæta hugtakinu „karboxýlsýra“ eða „karboxýlat“ við móðurheiti frumfjölliðunnar, s.s. PEG-10-karboxýlsýra, kóket-7-karboxýlsýra, ammóníumláret-8-karboxýlat.
38. Hugtakið „paret“ (pareth) er notað á etoxýluð paraffinsk alkóhól sem innihalda kolefniskeðjubúta með jafnri og ójafnri tölu kolefnisatóma.
39. Hugtakið „akrýlöt“ er notað til að lýsa línulegum samfjölliðum sem ekki eru víxlengdar en innihalda samsetningar af akrýlsýru, metakrýlsýru og metýl-, etýl-, própýl- eða bútýlesterum þeirra. Á sama hátt er hugtakið „krótónat/krótónöt“ notað til að lýsa samfjölliðum sem innihalda samsetningar af krótónsýru og metýl-, etýl-, própýl-, eða bútýlesterum hennar.

40. Heitið „karbómer“ er notað til að lýsa víxltengdum, einsleitum fjölliðum akrýlsýru með mikinn mólmassa. Víxltengjefninu eða -efnunum er lýst nánar í skilgreiningu innihaldsefnisins. (Sjá einnig 41. reglu).
41. Hugtakið „víxljölliða“ er notað til að lýsa öðrum víxltengdum fjölliðum en karbómerfjölliðum. (Sjá einnig 40. reglu).
42. Hugtakið „pólóxamer“ tilgreinir samhverfa raðsamfjölliðu (block co-polymer) sem mynduð er við etoxýlun pólyprópýlenglýkóls. Efni með mismikla fjölliðun eru auðkennd frekar með kóðanúmeri sem ákvarðað er út frá mólmassa fjölliðunnar.
43. Hugtakið „meroxapól“ tilgreinir samhverfa, raðsamfjölliðu sem mynduð er við própoxýlun pólyetýlenglýkóls. Efni með mismikla fjölliðun eru auðkennd frekar með kóðanúmeri sem ákvarðað er út frá mólmassa fjölliðunnar.
44. Hugtakið „pólóxamin“ tilgreinir samhverfa raðsamfjölliðu sem er mynduð með própoxýlun og því næst etoxýlun etýlendíamíns. Efni með mismikla fjölliðun eru auðkennd frekar með kóðanúmeri sem ákvarðað er út frá mólmassa fjölliðunnar.
45. Samfjölliðum etýlenglýkóls og própýlenglýkóls, sem mynda ekki samhverfa raðsamfjölliður er gefið heitið PEG/PPX/Y-afleiður þar sem X og Y er meðaleiningafjöldi etýlenoxíðeinliða annars vegar og própýlenoxíðeinliða hins vegar.
46. Hugtakið „alkoxýnó-n“ merkir etoxýlað alkýlfenól þar sem n tilgreinir meðalfjölda etýlenoxíðeininga.

Ef heitið er:	er alkýlið:
oktoxýnól	tetrametýlbútýl
nónoxýnól	nónýl
dódoxýnól	dódekýl
pentadoxýnól	pentadekýl

47. Líftækniefni eru efni þar sem örverur, t.d. bakteríur eða gersveppir, eru notaðar til þess að framleiða efni úr æti með gerjun, efnaskiptum, vatnsrofi, rofi eða með öðrum aðferðum. Aðferðin getur falið í sér notkun næringarefna eða annarra efna, s.s. ensíma. Aferðin nefnist „rækt“ (culture) eða „gerhvati“ (ferment). Unnt er að vinna gerhvatann frekar með útdrætti, síun og/eða öðrum aðferðum til að fá fram lokaafurðina.

Eftirfarandi reglur eru notaðir við myndun INCI-heita líftækniefna:

- a) Þegar til er almennt eða venjulegt heiti yfir lokaafurð úr tilteknum gerhvata eða rækt má nota slíkt heiti, t.d. jógúrt, gellagúmmi eða xantangúmmi.
- b) Þegar ekki er til almennt eða venjulegt heiti yfir lokaafurðina er henni gefið heiti með því að nota ættkvísl överunnar, skástrík þar á eftir og heiti ætisins, ef við á, og fyrir aftan það orðið „gerhvati“. Æti eru tilgreind með almennu eða venjulegu heiti eða öðru tækninafni, t.d. *Lactococcus/Carrot Ferment*. Í einhverjum tilvikum má nota ættkvíslar- og tegundarheiti överunnar ef ættkvíslarheitið eitt og sér er villandi og þörf er á tegundarheiti til skýringar, t.d. *Candida bombicola Ferment*.
- c) Hafí valdir efnisþættir gerhvatans verið einangraðir og hreinsaðir í umtalsverðum mæli og lögð eru fram greiningargögn því til stuðnings má nota heiti eins eða fleiri af efnisþáttunum, t.d. glýkósíngólípíð, beta-glúkan eða dextran.
48. Hugtakið „seramíð“ er notað sem hluti af INCI-heiti fyrir flokka og formgerð náttúrulegra fituefna sem fengin eru úr húð eins og Wertz P.W., Miethke M.C., Long S.A., Strauss J.M. og Downing D. T. lýsa því í *“The composition of ceramides from human stratum corneum and from comedones”*, *The Journal of Investigative Dermatology*, 84, 410-412 (1985).

Smíðaður N-asetýlaður sfingóíðbasi, sem er eins og hver sem er af mörgum efnisþáttum náttúrulegra keramíða, eins og fram kemur hjá Wertz, er gefið INCI-heiti þar sem hugtakið „seramíð“ stendur framan við númer (t.d. seramíð-3) eða númer og rómverska tölu (t.d. seramíð 6II). Hugtakið „seramíð“ sem hluti af INCI-heiti er eingöngu notað fyrir smíðaða N-asetýlaða sfingóíðbasa sem innihalda, sem ríkjandi efnisþátt, erýtrómyndbrigði a.m.k. eins þeirra mörgu náttúrulegu keramíða sem Wertz hefur lýst. Ríkjandi efnisþáttur er sá þáttur í blöndu sem hefur mestan styrk samanborið við önnur smíðuð efni í blöndunni sem eru af svipaðri byggingu og skyldri samsetningu.

Hugtakið seramíð er ekki notað í heitum með smíðuðum N-asetýlögum sfingóíðbösum, sem ekki hafa erýtróskipan né eru innihaldsefni í náttúrulegum keramíðum, eins og Wertz lýsir þeim. Í slíkum tilvikum er INCI-heiti úthlutað eftir efnaheiti eða öðru viðeigandi heiti sem alþjóðlega nefndin um nafnakerfi (International Nomenclature Committee, INC) ákveður í hverju einstöku tilviki. Alþjóðlegu nefndinni um nafnakerfi er heimilt að samþykkja skriflega umsókn frá aðila sem óskar eftir að fá úthlutað INCI-heiti fyrir smíðaðan N-asetýlaðan sfingóíðbasa sem hann gerir grein fyrir að sé erýtrómyndbrigði og falli að öðru leyti að skilyrðunum hér að framan um samsetningu.

49. Hugtakið „amínóakrýlöt“ vísar til einfaldrá amínóakrýlata þar sem setnu akrýlhóparnir, sem eru bundnir amínóköfnunarefni, eru á bilinu C₁₋₄ og þar sem akrýlötin eru í samræmi við skilgreininguna í 39. reglu.
50. Smíðuð peptíð, sem samanstanda af 2 til 10 amínósýruleifum, er gefið heiti með viðeigandi forskeyti, dí-, trí-, tetra- o.s.frv., framan við hugtakið peptíð, og tölu sem er valin af handahófi, t.d. dípeptíð-2.

Smíðuð peptíð, sem samanstanda af 11 til 100 amínósýrum, eru gefin til kynna með hugtakinu „ólígopeptíð“ framan við númer sem er valið af handahófi.

Smíðuðum peptíðum, sem samanstanda af fleiri en 100 amínósýrum, eru gefin til kynna með hugtakinu „pólýpeptíð“ framan við númer sem er valið af handahófi.

Amínósýruleifarnar, sem mynda peptíðið, eru taldar upp í stafrófsröð í skilgreiningu innihaldsefna í 1. lið.

Amínósýruleifarnar geta m. a. innihaldið eftirfarandi:

Alanín	Glútamín	Fenýlalanín
Argínín	Glýsín	Prólín
Aspargín	Histidín	Serín
Asparssýra	Ísólefsín	Þreónín
Systeín	Lefsín	Trýptófan
Systín	Lýsín	Týrósín
Glútamínsýra	Metþíónín	Valín

51. Nafnakerfi fjölliða — Fjölliða efni fá heiti í samræmi við heitið sem er almennt notað, ef það er vel þekkt, eða samkvæmt byggingu sé hún vel skilgreind. Fjölliðurnar fá heiti í samræmi við uppruna sinn, eins og lýst er hér á eftir, ef ekkert almennt heiti er til og byggingin ekki vel skilgreind.

Einsleitar fjölliður (sem eru úr einni gerð einliðu) fá heiti með því að setja hugtakið „pólý“ framan við heiti einliðunnar, t.d. pólýisóbútan.

Samfjölliður og víxlfjölliður (samsettar úr tveimur eða fleiri einliðum) fá heiti með því að einliðurnar eru taldar upp og aðgreindar með skástriki framan við orðið „samfjölliða“ eða „víxlfjölliða“, eftir því sem við á, t.d. samfjölliða akrýlöt/akrýlamíð, akrýlöt/VA-víxlfjölliða.

Heimilt er að gefa samfjölliðum, sem eru samsettar úr fjórum eða fleiri einliðum, INCI-heiti í samræmi við flokk þeirra, framan við númer sem er valið af handahófi, t.d. pólýester-1, ef notaðar eru einliðurnar sem taldar eru upp í skilgreiningu efnisins. Slíkt nafnakerfi er leyft, ef alþjóðlega nefndin um nafnakerfi samþykkir það, í þeim tilgangi að stytta löng INCI-heiti.

Fram að þessu eru „pólýesterar“, „pólýakrýlöt“, „pólýeterar“ og „pólýúretön“ einu fjölliðuflokkarnir sem hafa fengið heiti samkvæmt þessari tegund nafnakerfis. Heimilt er að bæta við fleiri flokkum í framtíðinni, ef þurfa þykir.

SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar einar sér eða sem samsetningarliðir við myndun heita á innihaldsefnum snyrtivara í skránni:

AMP	Aminómetýlprópanól
AMPD	Aminómetýlprópandíól
BHA	Bútýlað hýdroxýanisól
BHT	Bútýlað hýdroxýtólúen
CHDM	Sýklóhexandímetanól
CI	Litaskrá (Colour Index)
DEA	Díetanólámín
DEDM	Díetýlólódimetýl
DIBA	Dihýdroxýísóbútýlamín
DIPA	Díísóprópanólámín
DMAPA	Dímetýlamínóprópýlamín
DMDM	Dímetýlólódimetýl
DMHF	Dímetýlhýdantóinforaldehýðresín
DNA	Deoxýribósakjarnasýra
DVB	Dívínýlbensen
EDTA	Etýlendíamíntetraedíksýra
EDTHP	Etýlendíamíntetrahydroxýprópýlen
EDTMP	Etýlendíamíntetrametýlenfosfónat
GLY	Glýsín
HC	Hárlitunarefni
HCl	Vetnisklóríð
HEDTA	Hýdroxýetýletýlendíamíntríedíksýra
MA	Malínanhýdríð
MDM	Mónómetýlólódimetýl
MEA	Mónóetanólámín
MEK	Metýletýlketón
MIBK	Metýlísóbútýlketón
MIPA	Mónóísóprópanólámín
NTA	Nítrílótríedíksýra
PABA	p-aminóbensósýra
PCA	Pyrrólídonkarboxýlsýra
PEG	Pólýetýlenglýkól
PEI	Pólýetýlenímín
PG	Própýlenglýkól
PPG	Pólýprópýlenglýkól
PTFE	Pólýtetraflúoretýlen
PVM/MA	Pólývínýlmetýleter/malínanhýdríð
PVP	Pólývínýlpyrrólídon
RNA	Ribósakjarnasýra
SE	Sjálfýrandi
SIP	Súlfóísópalat
SMDI	Mettað meýlendípenýldíísópíónat
TDI	Tólúendíísósýanat
TEA	Tríetanólámín
TIPA	Tríísóprópanólámín
VA	Vínýlasetat